

**Nd.**

## **86. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

a. Í stað orðanna „65 ára“ í 1. málsg. 1. gr. laganna komi: 70 ára.

b. 2. málsg. 1. gr. falli burtu.

2. gr.

Orðin „65 eða“ í fyrri málsgrein 2. gr. laganna svo og síðari málsg. sömu greinar falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

### **Greinargerð.**

Lög um hámarksaldur embættismanna og opinberra starfsmanna hafa verið í gildi í 10 ár. Þetta verður að teljast nægur reynslutími. Í ljós hefur komið mjög greinilega, að flestir embættismenn og opinberir starfsmenn eru færir um að gegna starfinu til sjötugsaldurs. Nú er það svo, að flestir þeir, sem leystir eru frá embætti eða opinberu starfi, taka allhá eftirlaun, og sumir halda jafnvel óskertum launum. Bersýnilega er það óhagstætt fyrir ríkið að greiða há eftirlaun miklum fjölda manna, sem þó eru vel færir um að halda embættum sínum eða störfum.